

Eystrahorn

3. tbl. 39. árgangur


Fimmtudagurinn 21. janúar 2021

www.eystrahorn.is

Tónleikar í sundlaugargarðinum




Menningarmiðstöð Hornafjarðar í samvinnu við Uppbyggingarsjóð Suðurlands, Skinney-Pinganes, Þorstein Sigurbergsson ljósamað og Tjörva Óskarsson hélt Sundlaugarpartí sunnudagskvöldið 17. janúar. Þorsteinn útbjó lýsingu sem vann með vatnsflötinn, gufuna og ef segja má, skamndegið og ljósleysið. Staðarlistarmennirnir gímalðin og Subminimal spiluðu nokkur lög áður en dj. flugvél og geimskip kom og flutti stuðprógram sem endasenti áhorfendum um allan þekktan kosmós sem óþekktan, og las þeim gagnlegar lífsreglur og kenndi hamingjumöntrur.



Mætingin var stórfín og ekki annað að sjá en að krakkarnir hafi skemmt sér gríðarvel, og þau fullorðnu jafnvel líka.

Svo er bara næst að huga að stóru sumar-sundlaugarpartíi. Fylgist með.



Myndirnar tók Tim Junge

Ferðamálafélag Austur - Skaftafellssýslu í sameiningu með Fræðsluneti Suðurlands auglýsa námskeið í Hagnýtri mannauðsstjórnun.

Farið verður í grunnatriði mannauðsstjórnunar; tilgangur, ráðningar, móttaka nýliða, fræðsla, vinnustaðamening, innri samskipti, endurgjöf, hrós, taka á erfiðum málum, starfsmannasamtöl, áminningar, uppsagnir.

Námskeiðið fer fram á netinu miðvikudaginn 27. janúar og föstudaginn 29. janúar frá kl.9:00-12:00 og er kennari Rakel Heiðmarsdóttir.

Pátttökugjald fyrir félagsmenn Ferðamálafélagsins er kr 10.000 og fyrir aðra sem áhuga hafa á að taka námskeiðið er kr 13.000.

Við vekjum athygli að fyrirtæki geta sótt um styrk til starfsþjálfunnar hjá Áttunni.

Skráning fyrir þriðjudag 26. Janúar 2021

Skráning og nánari upplýsingar á faskstjorn@gmail.com





HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 24. janúar
Sunnudagaskóli kl. 11:00
Við munum syngja, hlusta

á sögu og hafa gaman

Allir velkomnir.

Foreldrar virðið fjarlægðarmörk.

RÓBÓTASMÍÐI

Námskeið fyrir 12 ára og eldri.



Hefur barnið þitt áhuga á tækni og forritun? Við bjóðum upp á námskeið í að breyta gömlum ryksuguróbótum í allskyns skemmtilega róbóta. Einnig er kennd þrívíddarteikning og þrívíddarprentun á námskeiðinu.

12 tíma námskeið.
hefst 11.febrúar.

Kennt verður á fimmtudögum
kl.14:30-16:00 / Gjald: 5000

Skráning: vilhjalmurm@hornafjordur.is
eða í síma: 862-0648.



VÖRUHÚSIÐ
MIÐJA SKAPANDI GREINA Á HORNAFIRÐI



FABLAB
HORNAFJÖRÐUR

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA FÉLAGAMENN ATHUGIÐ



Starfið okkar er hafið

aftur eftir hlé s.s. ganga, boccia, spil, snóker, þythokki og handavinna.

Nánar auglýst á töflu í Ekru.

Leikfimi byrjar 26. janúar kl. 16:00 og

vatnsleikfimi 28. janúar kl. 14:30.

Fylgjum þeim sóttvörnum sem við

þekkjum orðið svo vel og förum

varlega.

ÍBÚÐ ÓSKAST

Óska eftir 2-3 herbergja íbúð sem fyrst. Ég er öryrki og er mjög reglusöm og snyrtileg. Reyki ekki og drekk ekki. Er mjög róleg. Hef búið á Höfn áður og langar til að flytja aftur á gamlar slóðir.

Upplýsingar í síma 859-8151.

Laufey

ÞRÍVÍDDARHÖNNUN

Boðið verður upp á námskeið í þrívíddarhönnun og þrívíddarprentun í Fab Lab.



Kennt verður á tekniforritið **Fusion 360** og farið yfir hvernig á að undirbúa skjöl fyrir þrívíddarprentun. Í Fab Lab smiðjunni eru þrjár öflugir prentarar í mismunandi stærðum sem býður upp á mikla möguleika fyrir hönnuði og áhugafolk um þrívíddarprentun.

12 tíma námskeið, 3 timar í lotu,
hefst 2.febrúar.

Kennt verður á þriðjudögum
kl.17:00-20:00 / Gjald 15.000 kr.

á námskeið.

Skráning: vilhjalmurm@hornafjordur.is
eða í síma: 862-0648.



VÖRUHÚSIÐ
MIÐJA SKAPANDI GREINA Á HORNAFIRÐI



FABLAB
HORNAFJÖRÐUR



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun:Litlaprent
ISSN 1670-4126

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns ?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Eystrahorn

Starfsemi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu

Starfstímabil þessarar stjórnar FASK var stutt eða tæpir fimm mánuðir, frá 3. september 2020 til 25. janúar 2021, en engu að síður viðburðaríkt tímabil.

Núverandi stjórn var kosin á aðalfundi FASK 3. september 2020, í stjórn voru kosin Haukur Ingi Einarsson, Bergþóra Ágústsdóttir, Laufey Guðmundsdóttir, Ágúst Elvarsson, Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir og til vara var Anna María Kristjánsdóttir kosin, Anna María sagði sig úr stjórn 30. nóvember 2020. Alls fundaði stjórnin átta sinnum á starfstímabilinu og tók þátt í ýmsum verkefnum sem verða gerð skil hér að neðan. Á fyrsta fundi stjórnar 7. september skipti stjórn með sér verkum, Haukur Ingi Einarsson var skipaður formaður, Bergþóra Ágústsdóttir gjaldkeri, Ágúst Elvarsson var skipaður fulltrúi FASK í Stjórn Markaðsstofu Suðurlands, Laufey Guðmundsdóttir skipuð til fjögurra ára heldur áfram sem fulltrúi FASK í Svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs á suðursvæði og Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir vara áheyrnarfulltrúi stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs og stjórnarmaður í Ríki Vatnajökuls og Anna María varamaður.

Á fyrsta fundi var kynntur verkefnalisti þar sem m.a var lögð áhersla á að kynna félagið og stjórn þess fyrir helstu stjórnvöldum svo sem SVH, VJP, SAF og fleiri aðilum, kynna félagið fyrir félagsmönnum, afla nýrra félagsmanna og koma prókúrumálum félagsins í rétt horf. Ákveðið var að halda a.m.k einn félagsfund á starfstímabilinu og koma á fót umræðuhópum með mismunandi áherslum innan ferðabjónustunnar, þ.e afþreyingahópur, gísthópur, veitingahópur og gerð fundaaætla.

Verkefni voru fjölbreytt, bæði stór og smá og öll jafn mikilvæg.

Heimasíðan www.ferdaskaft.is var tekin í notkun á tímabilinu, það var mikið framfaraskref fyrir FASK þar sem auðvelt er að koma fréttum og upplýsingum til félagsmanna, svo sem fundargerðum og öðrum fréttum. Stjórn félagsins lét einnig hanna lógó fyrir félagið.

Eftir fyrsta fund stjórnar var ákveðið að boða til félagsfundar sem yrði opin öllum og fjalla um Covid. Lögð var áhersla á hvernig FASK geti stuðlað að jákvæðum aðgerðum greinarinnar sjálfrar og stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila sem hafa með málefni greinarinnar að gera. Markmiðið var að lágmarka þann skaða sem blasti við með aðgerðum þessara ólíku en tengdu aðila. Ákveðið var að gera spurningakönnun meðal fyrirtækja sem starfa í ferðabjónustu og boða til vinnufundar í kjölfarið. Til að kosta verkefnið leitaði Stjórn FASK til SVH og ákvað Sveitarfélagið Hornafjörður að styrkja verkefnið með því að kaupa vinnu af Þekkingarsetri Nýheima til að sinna verkefnastjórnun og umsjón með verkefninu. Þátttaka í könnuninni var góð og var svarhlutfall yfir 50 %. Niðurstöður vinnufundarins ásamt niðurstöðum úr könnuninni voru send út til mismunandi ráðuneyta og annarra hagsmunaaðila. Auk

þess var allt efni gert aðgengilegt á heimasíðu FASK, www.ferdaskaft.is.

Í október boðaði Stjórn FASK til félagsfundar vegna úthlutunar leyfa vegna Íshellaferða. Fundurinn fór fram í Pakkhúsinu og var hann vel sóttur bæði af félagsmönnum FASK og einnig fulltrúum frá Vatnajökulsþjóðgarði. Eftir fundinn fékk stjórn FASK ósk frá VJP að skipa þrjá fulltrúa FASK í vinnuhóp með þjóðgarðinum sem hefði það markmið að móta umgjörð fyrir næstu úthlutun leyfa til íshellaskoðunar. Fulltrúarnir áttu að koma frá mismunandi stórum fyrirtækjum, litlum - meðalstórum og stórum. Stjórn FASK skipaði í hópinn samkvæmt því og horfði einnig til reynslu og fleiri þátta við val í hópinn. Í hópinn skipuðust Einar Rúnar Sigurðsson, Haukur Ingi Einarsson og Atli Már Björnsson. Þegar þetta er ritað hafa fimm fundir farið fram í vinnuhópnum og tveir upplýsingafundir með félagsmönnum. Breyting á skipan í vinnuhópinn var gerð að beiðni VJP eftir þrjá fundi en þá kom Þórur Þór Ágústsson inn í hópinn fyrir Atla Má.

Stjórn FASK fjallaði um málefni Vakans og hvernig FASK geti hjálpað fyrirtækjum á starfssvæðinu við að lækka kostnað við úttektir og fleiri þætti m.a með því að afla sameiginlegra tilboða í úttektir og þannig lækka ferðakostnað úttektaraðila o.fl þætti. Stjórn FASK er sammála um að stuðla eigi að aukinni fagmennsku, þekkingu og menntun í greininni.

Stjórn FASK ákvað að haldið yrðu námskeið á vegum FASK. Námskeiðin yrðu einkum valin þannig að þau nýtist stjórnendum hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Samþykkt var að halda fyrsta námskeiðið af mörgum í Hagnýtri Mannauðsstjórnun, þar sem bæði félagsmönnum í FASK og öðrum aðilum er boðið að skrá sig á námskeiðið. Gert er ráð fyrir að námskeiðið verði kennt í lok janúar 2021. Næstu námskeið sem haldin yrðu gætu verið gerð rekstraráætla fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og Stafræn Markaðssetning.

Minni verkefni voru að sitja fundi sem tengdust ferðabjónustunni og voru boðaðir af opinberum aðilum svo sem SVH, VJP og öðrum sambærilegum aðilum. Stjórn FASK lét Deloitte vinna ársreikning fyrir árið 2019 og 2018.

Laufey Guðmundsdóttir sat sjö fundi hjá Svæðisráði VJP og Ágúst Elvarsson sat fjóra fundi Markaðsstofu Suðurlands.

Stjórn FASK samþykkti á síðasta fundi sínum 8. janúar sl. að gera tillögu til aðalfundar um að hækka félagsgjöld einstaklinga þannig að félagsgjöldin endurspeglí vægi atkvæðisréttar. Í dag eru félagsgjöld einstaklinga 2.500.- kr. og fyrirtækja 12.500.- kr., aðild einstaklinga fylgir 1 atkvæði en 2 atkvæði fylgja fyrirtækjaaðild. Stjórnin leggur til að félagsaðild fyrirtækja verði sú sama 12.500.- kr. og að félagsaðild einstaklinga verði 6.250.- kr. fyrir félagsaðild næsta starfsár 2021/2022.

Samskipti við Sveitarfélagið Hornafjörður og aðra aðila svo sem Vatnajökulsþjóðgarð



og Ríki Vatnajökuls, voru jákvæð á árinu og stjórn FASK vill þakka þeim sem og öðrum fyrir gott samstarf á árinu 2020. Sérstaklega ber að þakka SVH fyrir úthlutun gjafabréfa til starfsmanna SVH og með stuðning vegna vinnu Nýheima við utanumhald um spurningakönnun og vinnufund.

Að lokum má nefna nokkur erindi sem FASK sendi inn til SVH, m.a að það standi að hugmyndasamkeppni meðal íbúa og lögaðila um hentugan stað eða hugmynd að listaverki/gjörningi fyrir ferðamenn til að taka ógleymanlega mynd af sér á Höfn. Hugmyndin á sér samlíkingu víðar um land og má nefna kirkjuna á Seyðisfirði og hjartað á Akureyri. Einnig var komið á samtarfi milli SVH, FASK og RV um sameiginlega þróun vörumerkis sem miðar að því að auðkenna fyrirtæki sem byggja upp samfélagið Austur - Skaftafellssýslu. Samstarfið gengur nú út á að vinna með heimsmarkmið Sameinuðubjóðanna og tengja það við samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og er stjórn FASK vongóð um að árangur náist í þróun vörumerkis á árinu 2021.

Sótt var um tvo styrki á árinu hjá SVH, annað til að halda námskeið og hitt til að þróa áfram vörumerki í kringum Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna fyrir heimafyrirtæki. Nánari upplýsingar um sérstök mál má finna á heimasíðu FASK www.ferdaskaft.is undir fundargerðir.



Kæru Gledigjafar

Nú virðist covid vera á undanhaldi, og þá langar mig að hefja kóræfingar á ný. Við byrjum rólega, og hef ég ákveðið að hafa raddæfingar fyrst í stað, karlar klukkan 18.30 og konur klukkan 19.15 og byrjum við þriðjudaginn 26. janúar. Þetta fyrirkomulag kemur í veg fyrir hópamyndun og við getum haldið fjarlægð, en auðvelt verður að breyta þessu ef þarf. Hittumst heil.

Guðlaug Hestnes



Aðalfundur Samfylkingarinnar á Hornafirði 26. janúar kl. 17:00 haldinn að Víkurbraut 4 Hornafirði (húsnæði AFLs)

Dagskrá:

Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
Ársreikningar lagðir fram til afgreiðslu
Stjórnarkjör
Önnur mál

Nýir félagar velkomnir
Munið grímurnar



Samfylkingin

Stjórn Samfylkingarinnar á Hornafirði



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Deiliskipulag Þorgeirsstaðir í Lóni - Auglýsing um samþykkt bæjarstjórnar

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 14. janúar 2021 nýtt deiliskipulag vegna uppbyggingu á ferðapjónustustarfsemi og tveggja smávirðkjana í landi Þorgeirsstaða í Lóni. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar er skipulagssvæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði (VP35), afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF25) og landbúnaðarsvæði. Þá er heimilt að byggja smávirðkjun með uppsettu rafafli allt að 200 kW.

Deiliskipulagstillagan var í kynningu frá 14. maí til og með 26. júní 2020. Umsagnir bárust frá HAUST, Umhverfisstofnun, Veðurstofnun, Ferðamálastofu, Minjastofnun og Vegagerðinni.

Í ljósi umsagna og athugasemda sem bárust við skipulagið voru gerðar minniháttar breytingar á skipulagstillögunni frá auglýsingu. Samantekt um breytingar og samþykkt deiliskipulag má sjá á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta óskað eftir upplýsingum hjá starfsmönnum sveitarfélagsins.

*Fyrir hönd bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
Brynja Dögg Ingólfsdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

ERT ÞÚ MEÐ VERKEFNI Í KOLLINUM?

Vissir þú að í Fab Lab smiðju Hornafjarðar er hægt koma hugmyndum sínum í framkvæmd.

Við bjóðum aðstoð fyrir einstaklinga, frumkvöðla og fyrirtæki í nýsköpun, hvort sem það er vöruhönnun, frumgerðasmíði eða einfaldlega löngun til hanna og læra hluti.

Tökum vel á móti öllum fyrirtækjum sem vilja skapa sér sérstöðu með hönnun eða nýsköpun að leiðarljósi.

Fab Lab smiðjan er vel búin tækjum og þekkingu eins og í rafeindatækni, notkun laserskera, þrívíddarprentara viðarfræsara, vínlyskera og rafrásafraesara.

Einnig aðstoðum við minni matvælaframleiðendur í hönnun og uppsetningu á ræktunarkerfum.



Til að panta tíma í Fab Lab:

vilhjalmurm@hornafjordur.is
eða í síma: 862-0648.



VÖRUHÚSIÐ
MIÐJA SKAPANDI GREINA Á HORNAFIRÐI

Íþróttastarf hafið að nýju

Ágætu foreldrar, nú hefur takmörkun á íþróttastarfi verið aflétt og heimilt að keppa hjá öllum aldurshópum en þó án áhorfenda. Við hjá UMF Sindra viljum hvetja foreldra til að halda áfram að styðja börnin sín til íþróttaiðkunnar, þrátt fyrir að ákveðið stopp hafi komið í æfingar á síðasta ári. Það eru ákveðin teikn á lofti að hópar og sérstaklega eldri hópar í grunnskóla og framhaldsskólanemar séu að hætta að stunda íþróttir á landinu öllu. Við hjá UMF Sindra viljum sporna við þessari þróun og erum að bjóða upp á fjölbreytt íþróttalíf fyrir alla aldurshópa og sérstaklega þennan hóp. Það er þó þannig að íþróttaiðkun barna- og unglinga veltur á hvatningu og stuðningi foreldra og því er mikilvægt að foreldrar átti sig á því að þeir eru fyrirmyndirnar og áhrifavaldar í lífi barna sinna. Sveitarfélagið styrkir hvert barn árlega um 50.000 kr. í frístundastyrk og nú er einnig hægt að sækja um auka 45.000 kr. styrk til ríkisins gegn ákveðnum skilyrðum. Meðfylgjandi er metnaðarfull dagskrá og vonumst við til þess að sem flestir finni eitthvað við sitt hæfi og geti tekið þátt í íþróttaiðkun barna sinna og stundað sjálfir heilsusamlega hreyfingu.

Við óskum öllum velfarnaðar á árinu 2021

UMF Sindri



Íþróttahús Heppuskóli

13.1.2021

Tími	Mánudagur	Tími	Þriðjudagur	Tími	Miðvikudagur	Tími	Fimmtudagur	Tími	Föstudagur	Tími	Laugardagur	Tími	Sunnudagur
07:00	Karfa mfl. Ka.	07:00	Lyftingaaefingar	07:00	Karfa mfl. Ka.	07:00	Lyftingaaefingar	07:00	Karfa mfl. Ka.	07:00	Lyftingaaefingar	07:00	Lyftingaaefingar
08:10	Lyftingaaefingar	08:10	Lyftingaaefingar	08:10	Lyftingaaefingar	08:10	Lyftingaaefingar	08:10	Lyftingaaefingar	08:10	Lyftingaaefingar	08:10	Lyftingaaefingar
10:40	Lyftingaaefingar	11:30	Lyftingaaefingar	11:50	Lyftingaaefingar	11:10	Lyftingaaefingar	09:40	Lyftingaaefingar	10:00	Lyftingaaefingar	10:20	Leikskólabolti
11:50	Lyftingaaefingar	12:10	Lyftingaaefingar	13:00	Lyftingaaefingar	12:00	Lyftingaaefingar	10:30	Lyftingaaefingar	11:00	Frjálsar 1-4 bekkur	11:00	Karfa kvk 1-5 bekkur
13:40	Lyftingaaefingar	13:40	Lyftingaaefingar	13:40	Karfa 1-2 bekkur	14:00	Lyftingaaefingar	12:00	Lyftingaaefingar	12:00	Frjálsar 5-10 bekkur	12:15	Karfa kvk 1-5 bekkur
14:20	Karfa 1-2 bekkur	14:20	Karfa 6-7 bekkur	14:20	Karfa 3-5 bekkur	14:20	Blak 1-6 b. / Karfa 6-7 b.	13:00	Lyftingaaefingar	13:00	Íþróttir 16-26 ára	13:30	Karfa kvk 6-10 bekkur
15:10	Karfa 3-5 bekkur	15:10	Karfa 8-10 bekkur	15:10	Karfa 6-7 bekkur	15:10	Blak 1-6 bekkur	14:20	Fiml. 6-8 b kvk / 5-7 b kk	14:00	Karfa mfl. Kv.	14:45	Karfa kvk 6-10 bekkur
16:00	Blak 1-6 bekkur	16:00	Frjálsar 1-6 bekkur	16:00	Karfa 8-10+ bekkur	15:40	Blak 7-10 bekkur	15:50	Fiml. 3-4b kk	15:00	Karfa mfl. Ka.	16:00	Karfa mfl. Ka.
16:40	Blak 1-6 bekkur	16:50	Karfa mfl. Ka.	16:50	Karfa kvk 6-10 bekk + mfl. Kv.	17:20	Karfa mfl. Ka.	17:10	Fiml. 3-5b kvk	16:00	Badminton	16:30	Karfa mfl. Ka.
17:20	Blak 7-10 bekkur	17:40	Karfa mfl. Ka.	17:40	Fiml. 9 bekk kvk & 8 bekk kk	18:00	Karfa mfl. Ka.	18:30	Karfa 8-10+ bekkur	17:00	Badminton	17:00	Karfa mfl. Ka.
19:10	Karfa 8-10+ bekkur	18:30	Blak mfl. Kv.	18:30	Fiml. 9 bekk kvk & 8 bekk kk	18:30	Karfa mfl. Ka.	19:50	Karfa mfl. Ka.	18:00	Lokað	18:00	Lokað
20:00	Karfa mfl. Ka.	19:10	Blak mfl. Kv.	19:20	Karfa mfl. Ka.	19:00	Blak mfl. Kv.	20:40	Karfa mfl. Ka.				
20:20	Karfa mfl. Ka.	20:00	Blak mfl. Kv.	20:10	Karfa mfl. Ka.	20:00	Blak mfl. Kv.	21:00	Karfa mfl. Ka.				
21:00	Karfa mfl. Ka.	20:40	Blak mfl. Kv.	21:00	Karfa mfl. Ka.	20:30	Karfa old boys	21:30	Karfa mfl. Ka.				
21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað				

Mánagarður

Tími	Mánudagur	Tími	Þriðjudagur	Tími	Miðvikudagur	Tími	Fimmtudagur	Tími	Föstudagur	Tími	Laugardagur	Tími	Sunnudagur
14:20	RÚTUR	14:20	RÚTUR	14:20	RÚTUR	14:20	RÚTUR	14:20	RÚTUR	10:00	Leikskólaefim.		
14:40	Fiml. 6-8b kvk & 5-7b kk	14:40	Fiml. 1-2 bekkur kvk & kvk	14:40	Fiml. 6-8b kvk & 5-7b kk	14:40	Fiml. 3-4b kvk & 3-5b kvk	14:40	Fiml. 1-2 bekkur kvk & kvk	10:30	Leikskólaefim.		
16:10	RÚTUR	15:45	RÚTUR	16:30	Leikskólaefim.								
16:20	Fiml. 9b+ kvk & 8b+ kvk	16:00	Fiml. 3-4b kvk & 3-5b kvk			16:10	RÚTUR						
		18:00	16+ Fimleikar fyrir alla			16:20	Fiml. 9b+ kvk & 8b+ kvk						

Sundlaug Hafnar

Tími	Mánudagur	Tími	Þriðjudagur	Tími	Miðvikudagur	Tími	Fimmtudagur	Tími	Föstudagur	Tími	Laugardagur	Tími	Sunnudagur
13:20	Sund 1-2 bekkur (Selir)			13:45	Sund 1-2 bekkur (Selir)								
14:05	Sund 1-2 bekkur (Hákarlar)	14:50	Sund 8-10 bekkur +	14:30	Sund 1-2 bekkur (Hákarlar)			15:30	Sund 3-6 bekkur				
15:10	Sund 8-10 bekkur +			16:00	Sund 3-6 bekkur			15:30	Sund 8-10 bekkur +				
16:30	Sund Garpar			16:00	Sund 8-10 bekkur +			16:30	Sund Garpar				
				17:00	Sund Garpar								

Báran

Tími	Mánudagur	Tími	Þriðjudagur	Tími	Miðvikudagur	Tími	Fimmtudagur	Tími	Föstudagur	Tími	Laugardagur	Tími	Sunnudagur
13:40	Fótb. 3-4 bekkur kvk & kvk (6fl.)	13:30	Fótb. 1-2 bekkur kvk & kvk (7fl.)	14:50	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)	14:00	Frjálsar 1-4 bekkur	13:30	Fótb. 1-2 bekkur kvk & kvk (7fl.)	10:30	Fótb. MFL kvk		
16:30	Fótb. 5-6 bekkur kvk & kvk (5fl.)	14:40	Fótb. 3-4 bekkur kvk & kvk (6fl.)	16:30	Fótb. 5-6 bekkur kvk & kvk (5fl.)	14:30	Frjálsar 5-10 bekkur	14:30	Fótb. 3-4 bekkur kvk & kvk (6fl.)	12:00	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)		
17:30	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	16:00	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	18:00	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)	16:00	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	16:00	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	13:00	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	14:00	Golf
18:30	Fótb. MFL kvk	17:00	Fótb. MFL kvk	18:00	Fótb. MFL kvk	17:00	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	17:00	Fótb. MFL kvk	14:00	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)		
		18:30	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)			18:00	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)	18:00	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)	14:00	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)		
20:00	Drottningabolti	18:30	Fótb. MFL kvk	19:30	Fótb. Old boys			20:00	Golf				



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
veitilan fyrir alla

Breyting á aðalskipulagi – Seljavellir III

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 14. janúar 2021 að auglýsa lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að gert verður ráð fyrir 40 gistirýmum með allt að 80 gestum á 9 ha svæði á reit Vp 10.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögnum vegna lýsingu á aðalskipulagsbreytingu skv. skipulagslögum. Frestur til að skila inn athugasemdum er til **1. febrúar 2021** og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



OPIÐ HÚS

Hólabraut 10 - TILBOÐ!

Opið hús verður í þessu glæsilega einbýli að Hólabraut 10 á Höfn **laugardaginn 23. janúar 2021 kl. 14:00**. Hægt er að skoða eignina betur á <https://eignir.medial.is/> Áhugasömum kaupendum er jafnframt bent á að hægt er að bóka skoðun á öðrum tíma.

Jóna Benný Kristjánsdóttir hdl. og lgf.
jona@medial.is - Sími: 869-8650



Kuldaboli er kominn á kreik



K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vattfóðraður kuldagalli með cordura efni á álagsflötum. Með rennilás á skálmum. Hægt að taka hettuna af.

Litur: Gulur. Stærðir: XS–5XL.



Vnr. 9616 K2 2009

Kuldagalli vattfóðraður

Kuldagalli vatteraður með cordura efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum með flipa yfir. Hægt að taka hettuna af. Hnjápuðavasar.

Litur: Svartur. Stærðir: S–6XL.



Vnr. 9616 K2 2001

Dimex kuldagalli

Vattfóðraður kuldagalli með renndum brjóstvösum.

Litur: Svartur. Stærðir: S–3XL.



Vnr. 9609 648

Olympia ullarbolur

Langerma ullarbolur með kruga og rennilás úr merinóull.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.



Vnr. A546 JSB517-16

Olympia föðurland úr ull

Föðurland úr merinóull. Ekki með klauf.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.



A546 JSB517-21



Leðurhanskar

Fóðraðir Tegera leðurhanskar með rifflás. Litur: Ljós. Stærðir: 9, 10, 11.

Vnr. 9640 335



Vettlingar

Hlýir Showa 451 vettlingar með góðu gripi. Ca 25 cm háir.

Vnr. 9658 451



Vetrahanskar

Nýtril dýfður vetrahanski með mjög gott grip. Litur: Svartur. Stærðir: 9-11. Frábær hanski, lipur og með gott grip. Fóðraður.

Vnr. 9640 8810



Lambhúshetta

Lambhúshetta úr flísefni, fóðruð með bómull. Ein stærð.

Vnr. A4212



Dimex húfa

Dimex prjónahúfa. Litur: Dökkgrár. Ein stærð.

Vnr. 9609 4260+

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ